



Alþingi
Erindi nr. P 131/79

komudagur 12.11.2004

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Drífa Hjartardóttir, formaður
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. nóvember 2004
SB/hó

Efni: Framlag til jöfnunar á aksturskostnaði dýralækna

Tilv: 2004070008

Í ársbyrjun 2000 tóku gildi reglur, sem landbúnaðarráðherra setti um greiðslu á hluta af ferða- og aksturskostnaði dýralækna samkvæmt 13. grein laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Tilgangurinn var og er að jafna að nokkru aðstöðu bænda gagnvart dýralæknaþjónustu, eða eins og sagði í athugasemdum með frumvarpi til dýralækna laganna: "..... að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralækna reglubundna þjónustu og bráðaðþjónustu samkvæmt reglum gerðum í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands".


Samkvæmt þessum reglum annast Bændasamtök Íslands greiðslur til dýralækna og fá til þess framlag á fjárlögum, sem reyndar er ekki formlega aðgreint frá framlagi til leiðbeiningastarfsemi. Framlag þetta var í upphafi 8,2 millj. kr. en hefur að einhverju leyti tekið verðlagsbreytingum og telst vera 10,0 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi 2005, skv. upplýsingum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Í stuttu máli sagt hefur fjárveitingin aldrei dugað til að greiða samkvæmt reglunum, og hefur bilið stöðugt breikkað, þannig að í ár var einungis hægt að greiða fyrir sex mánuði, þ.e. janúar til júní.

Megin skýringar á aukinni fjárþörf eru tvær. Árið 2001 var sett ný reglugerð um dýralyf, sem þrengdi mjög heimildir bænda til að eiga lyf og hefja lyfjameðferð, sem kallaði á stórauðna ferðatíðni dýralækna. Þar við bætist, að aksturstaxti hefur hækkað mun meir en almennt verðlag undanfarin fimm ár. Það er því ljóst, að tilgangi 13. greinar dýralækna laganna verður ekki náð, nema fjárveitingin hækki verulega. Þess munu dæmi, að aksturskostnaður vegna einstakra bráðavitjana nemi tugum þúsunda, þannig að niðurgreiðslan skiptir miklu máli fyrir bændur í strjálbýlli héruðum.

Þar sem enginn árangur hefur náðst af margítrekuðum málarekstri við ráðuneyti landbúnaðar- og fjármála undanfarin ár, er hér með leitað ásjár háttvirtrar þingnefndar í máli þessu og farið fram á að hún beiti sér fyrir 10 millj. kr. hækkun á umræddri fjárveitingu á fjárlögum 2005, en áætlaður kostnaður á árinu er 20 millj. kr. Erindið er sent að höfðu samráði við yfirdýralækni, og undirritaður er að sjálfsgöðu reiðubúinn að veita frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Samrit:
Fjárlaganefnd Alþings, Maagnús Stefánsson, formaður.

Afrit:
Landbúnaðarráðuneyti, yfirdýralæknir Halldór Runólfsson.